

DK/

Reykjavík, 6. apríl 2016

Ákærendafélagi Íslands hefur borist til umsagnar með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála (millidómstig), 616. mál.

Um VI. kafla greinargerðar frumvarps, um mat á áhrifum frumvarps (bls. 38 – 39):

Aðeins er gert ráð fyrir viðbót til ákærvaldsins sem nemur 40 m.kr. vegna tveggja stöðugilda saksóknara. Þetta er að öllum líkindum vanáætlað miðað við hvernig staðan er hjá ríkissaksóknara og héraðssaksóknara í dag og hvernig verkefni þessara embættu munu verða í framtíðinni ef frumvarpið verður að lögum.

Í 45. gr. frumvarpsins, sem tekur til breytinga á 1. máls. 4. mgr. 25. gr. laga um meðferð sakamála, er gert ráð fyrir að ríkissaksóknari fari að jafnaði með áfrýjunarmál fyrir Landsrétti, auk mála fyrir Hæstarétti. Þá er einnig gert ráð fyrir því í sömu laga-grein, sbr. 45. gr. frumvarpsins, að ríkissaksóknari geti falið vararíkissaksóknara, héraðssaksóknara, varahéraðssaksóknara, saksóknara eða hæstaréttarlögmanni að fara með mál fyrir Landsrétti eða Hæstarétti. Ekki mun verða hróflað við öðrum lög-bundnum verkefnum ríkissaksóknara né heldur gert ráð fyrir öðrum breytingum á starf-semi héraðssaksóknara. Gera má ráð fyrir því að meðferð áfrýjunarmála fyrir Landsrétti verði nokkuð umfangsmeiri og tímafrekari en verið hefur um áfrýjunarmál fyrir Hæsta-rétti. Er þetta út af endurtekningu á sönnunarfærslu fyrir Landsrétti, að hluta eða öllu leyti. Ákærendur sem fara með áfrýjunarmál fyrir Landsrétti munu þannig í meira mæli en áður vera við störf í dómhúsi út af einstökum áfrýjunarmálum. Af þessu leiðir að sömu ákærendur munu hafa minni tími til að sinna öðrum lögbundnum verkefnum sem þeim eru falin.

Vinnuálag hjá embætti ríkissaksóknara hefur um langt skeið verið óhóflegt vegna mikillar fjölgunar mála hjá embættinu á liðnum árum. Vinnuálag hefur einnig verið mikið hjá embætti héraðssaksóknara eftir að það tók til starfa 1. janúar sl., sbr. lög nr. 47/2015 (stofnun embættis héraðssaksóknara o.fl.). Héraðssaksóknari tók við óloknum málum sem voru áður hjá embætti sérstaks saksóknara, auk þess að taka við hluta af óloknum málum sem voru áður hjá ríkissaksóknara (mál sem bárust ríkis-saksóknara frá lögreglu eftir 1. apríl 2015). Þá hefur héraðssaksóknari farið með mál á fyrsta stigi sem falla undir valdmörk héraðssaksóknara og borist hafa frá lögreglu eftir 1. janúar sl. Ríkissaksóknari hefur frá 1. janúar sl. leitast við að ljúka afgreiðslum eldri mála á fyrsta stigi með niðurfellingu eða málshöfðun og með því að fylgja óloknum málum eftir fyrir héraðsdómi, auk annarra lögbundinna verkefna, einkum með endur-skoðun kærðra ákvarðana lægra settra ákærvaldshafa og með því að fara með mál fyrir Hæstarétti. Takmarkað svigrúm hefur gefist til að sinna verkefnum á sviði eftirlits og samræmingar.

Í skýrslu ríkisendurskoðunar til Alþingis (mars 2015) er meðal annars fjallað um mikla fjölgun mála á liðnum árum hjá embætti ríkissaksóknara og að fjarheimildir

til embættisins hafi ekki fylgt þeirri þróun. Er í skýrslunni bent á langan málsmeðferðar-tíma og að ríkissaksóknara hafi ekki verið unnt að sinna lögbundnu samræmingar- og eftirlitshlutverki. Í ársbyrjun 2015 voru starfsmenn ríkissaksóknara sextán talsins að meðtöldum ríkissaksóknara (forstöðumanni), þar af tólf lögfræðingar og fjórir ritarar. Í ársbyrjun 2016 voru starfsmenn ríkissaksóknara nokkru færri eða samtals tólf að meðtöldum ríkissaksóknara (forstöðumanni), þar af átta lögfræðingar og fjórir ritarar. Fækkun löglærðra starfsmanna ríkissaksóknara virðist stafa af skerðingu á fjárveitingu til embættisins í kjölfar laga nr. 47/2015.

Í nefndarálitni meirihluta allsherjar- og menntamálanefndar 26. mars 2015 vegna frumvarps sem varð að lögum nr. 47/2015 (þingskjal 1157 – 430. mál, 144. löggjafarþing 2014 - 2015) kemur meðal annars fram að meiri hlutinn hafi talið brýnt að forsendur um kostnaðarmat þess frumvarps yrðu endurmetnar þegar lögin væru komin til framkvæmda. Ekki er vitað til þess að slíkt kostnaðarmat hafi í raun farið fram eftir gildistöku laga nr. 47/2015. Er því með öllu óljóst hvaða forsendur liggja til grundvallar framangreindu mati um 40 m.kr. vegna tveggja saksóknara til viðbótar.

Að mati ákærendafélagsins er nauðsynlegt að farið verið nánar ofan í saumana á mati á áhrifum frumvarpsins. Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir og er mælt með því að frumvarpið verði lögfest enda um að ræða mjög mikilvægar breytingar sem munu fela í sér mikla réttarbót.

Fyrir hönd stjórnar Ákærendafélags Íslands,


Daði Kristjánsson
formaður

Til nefndasviðs Alþingis:
nefnasvid@althingi.is